



Mosfellsbæ 27. september 2022.

**Fundargerð samráðsvettvangs Mosfellsbæjar og Aftureldingar um uppbyggingu og nýtingu á íþróttamannvirkjum að Varmá  
Haldin að Varmá 27. september 2022 kl. 08:30 – 09:35**

Mættir fulltrúar frá Mosfellsbæ: Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri, Linda Udengaard framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs, Jóhanna Hansen framkvæmdastjóri umhverfissviðs, Halla Karen Kristjánsdóttir fulltrúi meirihluta í bæjarráði, Ásgeir Sveinsson fulltrúi minnihluta í bæjarráði, Birna Kristín Jónsdóttir formaður Aftureldingar, Hrafn Ingvarsson varaformaður Aftureldingar, og Grétar Eggertsson framkvæmdastóri Aftureldingar.

Sigurður Guðmundsson íþróttafulltrúi ritaði fundargerð.

1. Regína bæjarstjóri setti fundin og bauð fundarfólk velkomið.
2. **Knattspyrnuvellir að Varmá**
  - a. Framkvæmdastjóri umhverfissviðs kynnti skýrslu frá VSÓ varðandi uppsetningu tveggja valla í stað eins á núverandi gervigrasvelli. Erfitt er að koma fyrir tveimur löglegum völlum með öryggissvæðum, meðal annars vegna hverfisverndar, öryggimarka valla og nálægðar við önnur mannvirki.
  - b. Formaður og varaformaður Aftureldingar kynntu niðurstöðu af fundi með knattspyrnudeild félagsins frá kvöldinu áður. Tillögur sem fela í sér ýmsar útfærslur.
  - c. Umræður um tillögur og mikilvægi þess að ákvarðanir og tímalína liggi fyrir fljótlega.
3. **Niðurstöður:**
  - a. Erfitt er að koma fyrir tveimur löglegum völlum með öryggissvæðum, meðal annars vegna hverfisverndar, öryggimarka valla og nálægðar við önnur mannvirki.

Fundi slitið kl. 9:35